



Fundargerð

534. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, þriðjudaginn 14. júlí 2026, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Sveinn Hreiðar Jensson, Sigurður Árnason, Auðbjörg B. Bjarnadóttir, Jóhannes Gissurarson, Auður Guðbjörnsdóttir og Eygló Kristjánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Eygló Kristjánsdóttir, starfandi sveitarstjóri.

Fundurinn er hljóðritaður og er hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti óskar eftir að við málefnskrá bætist
30. Trúnaðarmál – starfsmannamál

Dagskrárbreyting samþykkt.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2607027 - Yfirlit – staða

Haraldur Örn Reynisson endurskoðandi hjá KPMG, fer yfir vinnu KPMG við endurskoðun og stöðu Eldvilja.

Farið er yfir fjárhagsstöðu Eldvilja ehf., eignarhald og möguleika félagsins til fjármögnunar framkvæmdakostnaðar við endurbætur á húseign félagsins. Haraldur Örn Reynisson, endurskoðandi hjá KPMG, kynnti mögulegar leiðir og áhrif þeirra á fjárhag Skaftárhrepps. Oddvita falið að vinna málið áfram á grundvelli kynningar.

Samþykkt samhljóða

2. 2607028 - 5 mánaða uppgjör

Lagt er fram fimm mánaða árshlutauppgjör m.v. 31.05.2026. Yfirferðin er mun umfangsminni en þegar um er að ræða endurskoðaðar tölur. Hún gefur þó nokkuð góða mynd af stöðunni heilt yfir vegna fyrstu fimm mánaða ársins.

D-listinn og óháðir benda á að árshlutauppgjör Skaftárhrepps fyrir tímabilið 1. janúar 31. maí 2026 nær til rekstrar áður en núverandi sveitarstjórn tók við. Uppgjörið sýnir neikvæða rekstrarniðurstöðu, þrönga lausafjárstöðu og aukna skuldsetningu frá árslokum 2025.

Þar sem fjárhagsáætlun hefur ekki verið brotin með fullnægjandi hætti niður á fyrstu fimm mánuði ársins er sveitarstjóri falið að leggja fyrir sveitarstjórn greiningu á helstu frávikum, samanburð við rekstraráætlun sama tímabils, uppfærða útkomuspá og mat á þörf fyrir viðauka við fjárhagsáætlun.

SH

SHi g.g.
AH ABB



Jafnframt leggja D-listinn og óháðir til að endurskoðunarskýrsla KPMG vegna ársreiknings Skaftárhrepps 2025 verði birt á heimasíðu sveitarfélagsins. Sveitarstjóra verði falið að gera grein fyrir stöðu ábendinga í skýrslunni og leggja fram tímasetta áætlun vegna þeirra úrbóta sem enn eru óloknaðar

Samþykkt með 3 atkvæðum SHJ, ABB, SA

3. 2607005 - Skóladagatal 2026/2027

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi skóladagatal leikskóladeildar Kirkjubæjarskóla fyrir skólaárið 2026/2027, með fyrirvara um leiðréttingar í samvinnu við stjórnendur og velferðarráð.

Samþykkt samhljóða

4. 2607006 - Kosning í fastanefndir skv. 41. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps nr. 923 2024

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var kjöri í nokkrar nefndir frestað.

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar:

Örvar Egill Kolbeinsson - formaður

Pálína Pálsdóttir

Þormar Ellert Jóhannsson

varamenn:

Ásgerður Gróa Hrafnisdóttir

Sigurður Sverrisson

Gottsvinn Eggertsson

Fjallskilanefnd Austur- Síðuafréttar

Rúnar Þorri Guðnason - formaður

Marvin Einarsson

Sigurður Kristinsson

varamenn:

Sigurður Vigfús Gústafsson

Björn Helgi Snorrason

Rannveig Ólafsdóttir

Fjallskilanefnd Landbrots- og Miðaðfréttar

Fanney Ólöf Lárusdóttir - formaður

Hörður Eypórsson

Sigurjón Fannar Ragnarsson

varamenn:

Þórarinn Bjarnason

Björgvin Karl Harðarson

Hjalte Þór Júlíusson

Fjallskilanefnd Skaftártunguafréttar

Pétur Davíð Sigurðsson - formaður

Lúcia Jóna Sigurbjörnsdóttir

Sigfús Sigurjónsson

SHJ
ABB
J.G.
ABB



varamenn:
Guðmundur Ingi Arnarsson
Gunnar Vignir Sveinsson
Jóhannes Siggeirsson

Fjallskilaneftnd Meðallandi
Guðbrandur Magnússon - formaður
Þröstur Bjarni Eypórsson
Björgvin Daði Harðarson
varamenn:
Björg Dagbjört Sigursveinsdóttir
Hörður Daði Björgvinsson
Guðni Már Sveinsson

Samþykkt samhljóða

Velunnarasjóður Klausturhóla
Helga Dúnu Jónsdóttir - formaður
Auðbjörg B. Bjarnadóttir
varamenn:
Rannveig E. Bjarnadóttir
Bergur K. Guðnason

Samþykkt samhljóða

Stjórn Eldvilja ehf
Sigurjón Andrússon
varamaður:
Jón Hrafn Karlsson

Umboð Skaftárhrepps á aðalfundi 2026, Sigurjón Andrússon

Samþykkt samhljóða

Öldungaráð
Guðni Davíðsson
varamaður:
Rannveig E. Bjarnadóttir

Samþykkt samhljóða

5. 2607007 - Tilnefning aðalmanns á aðalfund Félags- og skólaþjónustu
Samþykkt var gerð milli funda að Sveinn H. Jensson væri kjörinn aðalmaður á aðalfund Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
6. 2607008 - Rannsókn Böðmóðstungu
Dr. Bjarni F Einarsson sækir um styrk vegna framkvæmdar við rannsókn við Böðmóðstungu. Helstu markmið rannsóknarinnar er að kanna aldur Böðmóðstungu og komast að því hvenær hún fór í eyði.

SA
shc
AG JG
ABB



Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir að veita Fornleifafræðistofunni krónur 450.000 í styrk vegna fornleifarannsóknna í Böðmóðstungu. Styrkurinn er tekinn af deild 0543/9191.

Samþykkt samhljóða

7. 2607009 - Fulltrúaráð EBÍ

Á s.l. ári voru samþykktar einróma nýjar samþykktir fyrir Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands. Aðal breytingin sem lýtur að aðildarsveitarfélögum EBÍ er að nú eiga öll aðildarsveitarfélög EBÍ að kjósa í fulltrúaráð félagsins að loknum sveitarstjórnarkosningum. Áður voru þetta bæir og héraðsnefndir.

Tillaga er um að Sveinn H. Jensson oddviti verði fulltrúi Skaftárhrepps í fulltrúaráði EBÍ.

Samþykkt samhljóða

8. 2606012 - Starfsleyfi

Lögð fram umsókn um starfsleyfi fyrir brugghús og veitingastað, Lár Brewery frá Korn ehf.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti, að leyfi verði veitt, með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

9. 2607030 - 3G þjónusta lögð niður

Erindi frá Jóni Árna Þórissyni um breytingar sem hafa orðið á símasambandi eftir að 3G þjónusta var lögð niður.

Sveitarstjórn þakkar Jóni Árna erindið.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps lýsir yfir áhyggjum af ótryggu fjarskipta- og farsímasambandi innan sveitarfélagsins. Nýlegar truflanir leiddu til þess að GSM-samband féll niður á köflum og að viðbragðsaðilar fengu ekki útkallsboð með eðlilegum hætti jafnframt er dæmi um að íbúi náði ekki sambandi við Neyðarlínu.

Sveitarstjórn telur slíkt óásættanlegt enda eru örugg fjarskipti forsenda öryggis íbúa, ferðamanna og viðbragðsaðila, sérstaklega í dreifbýlu sveitarfélagi þar sem tafir geta haft alvarlegar afleiðingar.

Sveitarstjórn skorar á innviðaráðuneytið, Almannavarnir, Fjarskiptastofu, Neyðarlínuna og viðkomandi fjarskiptafyrirtæki að greina orsakir truflananna og grípa án tafar til nauðsynlegra úrbóta.

Jafnframt er sveitarstjóra falið að senda ályktun þessa til framangreindra aðila og óska eftir upplýsingum um fyrirhugaðar úrbætur og tímasetningu þeirra.

Samþykkt samhljóða.

SA

Gu J.S. ABB



30. 2605030 - Trúnaðarmál - Starfsmannamál

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og niðurstaðan færð í trúnaðarbók sveitarfélagsins.

Fundargerðir

10. 2606005F - Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 15

10.1 2601005 - Deiliskipulag í landi Kirkjubæjar 2

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps – 15

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að samkvæmt skilmálum aðalskipulags er heimilt að byggja allt að 15 íbúðir tengdar starfsseminni á skipulagssvæðinu og mælist til þess að þeir skilmálar haldi sér. Skipulags- og umhverfisráð bendir á að engin fráveitukerfi eru til staðar á skipulagssvæðinu og huga þarf að sér lausn í fráveitumálum.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að teknu tilliti til framlagðra athugasemda skipulags- og umhverfisráðs.

Skipulagsfulltrúa er falið að óska eftir uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps. Samþykkt samhljóða.

10.2 2510002 - Deiliskipulag miðsvæðis á Kirkjubæjarklaustri

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 15

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan sé samþykkt og fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps. Samþykkt samhljóða.

10.3 2508004 - Heiðarsel deiliskipulag

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 15

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan sé samþykkt og fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps. Samþykkt samhljóða.

10.4 2508003 - Sjónarhóll deiliskipulag

Stj.
AL
J.G.
ABB
1733



Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 15

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að samkvæmt skilmálum aðalskipulags er heimilt að byggja starfsmannaíbúðir allt að 750m² en ekki 1.500m² eins og deiliskipulagið gerir ráð fyrir. Afgreiðslu er frestað og skipulagsfulltrúa falið að vinna deiliskipulagið áfram með skipulagsráðgjafa.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps. Samþykkt samhljóða.

- 10.5 2510001 - Deiliskipulagi fyrir Skerja- og Skriðuvelli á Kirkjubæjarklaustri.

Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 15

Skipulags- og umhverfisráð telur, að teknu tilliti til framkominna gagna, umsagna og athugasemda, að forsendur málsins kalli á frekari yfirferð. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að fyrirbyggjandi tillaga verði unnin áfram með hliðsjón af fyrirbyggjandi athugasemdum.

Sveinn lýsir vanhæfi og vikur af fundi.

Bergur K. Guðnason tekur sæti.

Sigurður Árnason varaoddviti tekur við stjórn fundarins.

Sveitarstjórn tekur undir niðurstöðu skipulags- og umhverfisráðs um að forsendur málsins kalli á frekari yfirferð, með hliðsjón af framkomnum gögnum, umsögnum og athugasemdum.

Því er lagt til að fyrirbyggjandi skipulagstillaga verði endurskoðuð. Skipulagsfulltrúa, formanni og varaformanni skipulags- og umhverfisráðs, ásamt varaoddvita, verði falið að vinna að breytingum á tillögunni og móta tillögur að breyttri útfærslu hennar.

Að þeirri vinnu lokinni verði málið lagt að nýju fyrir skipulags- og umhverfisráð og sveitarstjórn til umfjöllunar og afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða

Bergur vikur af fundi og Sveinn kemur inn aftur og tekur við stjórn fundarins.

11. 2607003F - Stjórn Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla - 1
11.1 2607029 - Vinnustaðaúttekt Klausturhólum

Niðurstaða Stjórn Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla - 1

Stjórn ræddi mikilvægi þess að málið verði unnið áfram í skýrum og faglegum farvegi, með hliðsjón af trúnaði, persónuvernd, hæfi stjórnarmanna og vandaðri málsmeðferð.

SA
Shi.
g.s.
Al
ABE



Stjórn felur sveitarstjóra að afla upplýsinga um mögulega aðkomu óháðra fagaðila og leggja fyrir stjórn tillögu um næstu skref. Stjórn tekur í framhaldi ákvörðun um hvort og með hvaða hætti leitað verði ráðgjafar, hvaða úrræðum verði beitt og hver annist framkvæmd þeirra.

Jafnframt samþykkir stjórn að unnin verði skrifleg umbóta- og eftirfylgniáætlun vegna þeirra atriða sem fram koma í vinnustaðagreiningunni.

Stjórn telur jafnframt eðlilegt, sem hluta af eftirfylgni og gæðavinnu heimilisins, að skoðað verði með hvaða hætti afla megi upplýsinga um upplifun íbúa og aðstandenda af þjónustu, líðan, öryggi og upplýsingaflæði.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir ákvörðun stjórnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðir til kynningar

12. 2607010 - Fundargerð aðalfundar 2026

Fyrir fundinum liggur fundargerð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns frá 4. júní 2026.

Fundargerðin kynnt.

13. 2607011 - Aðalfundargerð 2026

Fyrir fundinum liggur fundargerð aðalfundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 30. júní 2026.

Fundargerðin kynnt.

14. 2607012 - Fundargerð auka aðalfundar 2026

Fyrir fundinum liggur fundargerð auka aðalfundar Bergrísans bs. frá 15. júní 2026.

Fundargerðin kynnt.

15. 2607013 - Fundargerð 94. stjórnarfundar

Fyrir fundinum liggur fundargerð 94. fundar stjórnar Bergrísans bs. frá 15. júní 2026.

Fundargerðin kynnt.

16. 2607014 - Fundargerð 999. fundar stjórn

1735
SÁ
sh
PS
AB
AK



Fyrir fundinum liggur fundargerð 999. fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 28. maí 2026.

Fundargerðin kynnt.

17. 2607015 - Fundargerð 1000. fundar stjórn

Fyrir fundinum liggur fundargerð 1000. fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 9. júní 2026.

Fundargerðin kynnt.

18. 2607016 - Fundargerðir 89. 90. 91.

Fyrir fundinum liggja fundargerðir 89., 90. og 91. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Fundargerðirnar kynntar.

19. 2607017 - 636. fundur stjórnar SASS

Fyrir fundinum liggur fundargerð 636. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 8. maí 2026.

Fundargerðin kynnt.

20. 2607018 - 637. fundur stjórnar SASS

Fyrir fundinum liggur fundargerð 637. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 5. júní 2026.

Fundargerðin kynnt.

21. 2607026 - 255. fundur Heilbrigðisnefndar

Lögð er fram fundargerð 255. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 4. júní 2026.

Fundargerðin kynnt.

Annað kynningarefni

22. 2605005 - Erindi Fjólu Pétursdóttur lögfræðings f.h. SBD múr og flísalagnir slf
Óskað er eftir að erindið verði skráð í málaskrá sveitarfélagsins og tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar.

Erindinu hefur þegar verið svarað með tölvupósti í maí síðastliðnum.

23. 2607019 - Ábendingar vegna búfjárbeitar

SÁ
SHI
gg.
ABC
AL
1736



Lagt er fram bréf frá Atvinnuvegaráðuneytinu með ábendingum til sveitarfélaga og þau hvött til að taka til skoðunar atriði er varða samstarf sveitarfélaga sem og að yfirfara og uppfæra afréttarskrár og fjallskilasamþykktir.

Erindið kynnt.

24. 2607020 - Vegna samkomulags við ríkið varðandi börn með fjölþættan vanda
Lagt er fyrir erindi frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga þar sem athygli er vakin á reglugerð sem mennta- og barnamálaráðuneytið hefur birt um breytta ábyrgðarskiptingu í málefnum barna með fjölþættan vanda.

Erindið kynnt.

25. 2607021 - Áhersluatriði LEB
Lagt er fyrir erindi til nýkjörinna sveitarstjórna um áherslur Landssambands eldri borgara um að skipa í öldungaráð sveitarfélaga.

Erindið kynnt.

26. 2607022 - Ársreikningur 2025
Lagður er fyrir ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum fyrir árið 2025.

Kynnt.

27. 2607023 - Ársreikningur 2025 - samt.orkusv.fél
Lagður er fyrir ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga fyrir árið 2025.

Kynnt.

28. 2607024 - Einföldun regluverks og Stofnun atvinnuveganna
Lagt er fyrir minnisblað frá Heilbrigðisnefnd Suðurlands um stöðu mála á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands ásamt bráðabirgða samantekt um verkefni sveitarfélaganna.

Minnisblað kynnt.

29. 2607025 - Mikilvægt skref í jöfnun raforkukostnaðar
Vakin er athygli á að Alþingi hefur samþykkt frumvarp um breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

Erindið kynnt.

Shi
SÁ
J.G.
AGB
ABB



Fundi slitið kl. 17:54.

Sveinn H. J.
Sveinn Hreiðar Jensson

Sigurðar Arnason
Sigurður Arnason

Auðbjörg B. Bjarnadóttir
Auðbjörg B. Bjarnadóttir

Jóhannes Gissurarson
Jóhannes Gissurarson

Auður Guðbjörnsdóttir
Auður Guðbjörnsdóttir